

BAUTASTEINNINN



Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands
1. tölublað 11. árgangur maí 2006



Stækkun og endurbætur á kirkjugarðinum að Stað	bls. 4
Þjóðreisn og þjóðhvöt í kirkjugarði	bls. 8
Kirkjan í Bjarnarhöfn	bls. 10
Um íslenska útfararsíði fyrr og nú	bls. 12
Fátt eitt um eirmyndir í Hólavallagarði	bls. 20
Nýr kirkjugarður í hjarta höfuðborgarsvæðisins	bls. 24

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:
hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.

Lengd: 225
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm
Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylíni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifibreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant
til í meðfylgjandi stærðum:
65 x 30 cm ferhyrndur
60 x 40 cm ferhyrndur
40 x 30 cm ferhyrndur
50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no



Ágæti lesandi!

Tíu ár eru nú liðin frá því að fyrsta tölublað Bautasteins leit dagsins ljós. Mörg og brýn málefni hafa verið rædd á síðum blaðsins og einnig hafa þar birst lærðar greinar um málefni sem tengjast kirkjugörðum. Blaðinu hefur verið dreift ókeypis til 1400 lesenda á öllu landinu og hefur blaðið verið fjármagnað með auglýsingatekjum og styrk frá kirkjugarðastjórnnum sem voru stofnfélagar í sambandinu.

Þórsteinn Ragnarsson
formaður Kirkjugarða-
sambands Íslands.

„Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) var stofnað í desember 1995 eftir nokkra undirbúningsvinnu, sem meðal annars fólst í því að kanna þörf á slíku sambandi hér á landi. Stjórn KGSÍ telur að blaðaútgáfa á vegum sambandsins sé rökrétt framhald þessa samstarfs. Bautasteinn verður vettvangur umræðu um kirkjugarðamálefni hér á landi, en áætlað er að gefa blaðið út tvisvar á ári, á vordögum og fyrir

veturnætur. Stefnt verður að því, að efni í blaðið berist sem víðast að og það upplýsi lesendur um flest er lýtur að kirkjugarðamálefnum. Blaðið verður að mestu fjármagnað með auglýsingatekjum.“

Þetta voru aðfaraorð í fyrsta tölublaði Bautasteins sem kom út í maí 1996 og óhætt er að segja að þær væntingar sem gerðar voru til blaðsins hafi gengið eftir og markmiðum með útgáfu blaðsins hafi verið náð. Eina breytingin, sem varð á útgáfunni, var sú að tvö tölublöð voru gefin út árið 1997 en síðan eitt tölublað á vorin. Í staðinn fyrir seinna blaðið var einblöðungurinn Bautasteinn-fréttabréf gefinn út öðru hvoru megin við áramót. Hægt er að skoða Bautastein og Bautastein-fréttabréf á slóðinni: www.kirkjugardar.is/kgi/index.html. Óhætt er að segja að þar sé saman kominn mikill fróðleikur um málefni kirkjugarða og er það fyrirhafnarinnar virði að fletta blöðunum upp og glugga í þau.

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands.

Næsti aðalfundur

Næsti aðalfundur verður haldinn á Keahótelu á Akureyri laugardaginn 20. maí n.k. Tíu ár eru liðin frá því að fyrsti fundur KGSÍ var haldinn á Egilsstöðum og var áformað að halda fundinn fyrir austan en af óviðráðanlegum ástæðum þurfti að hætta við það.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verða eftirtalin málefni m.a. á dagskrá:

- Erindi heimamanns.
- Sameining kirkjugarðastjórna
- Smári Sigurðsson og Kristján Ólafsson.
- Útfararsíðir í fjölmenningsmatsfélagi
- Sr. Kristján Valur Ingólfsson.
- Lagafrumvarp um breytingu á lögum um kirkjugarða
- Benedikt Ólafsson.

Matarhlé frá 12:00 til 13:00 á Keahótelu.
Fundarmenn snæða saman.

Viðmiðunarreglur milli kirkjugarða og sveitarfélaga

- Guðmundur Rafn Sigurðsson.

Stærðarmæling kirkjugarða og uppdrættir

- Sigurgeir Skúlason.

Greiðslukerfi kirkjugarða

- Þórsteinn Ragnarsson.

Aðildarfélagar KGSÍ eru hvattir til að taka strax frá dagana 19. – 21. maí, því reynslan segir okkur að Eyfirðingar taka vel á móti aðalfundargestum og mökum þeirra.

Aðalfundargögn voru send út í lok apríl og einnig gögn vegna herbergjapantana. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu KGRP í síma 585-2700.

BAUTASTEINN

Útgefandi:

Kirkjugarðasamband Íslands

Ábyrgðarmaður:

Þórsteinn Ragnarsson

Afgreiðsla:

Skrifstofa KGRP, Fossvogi
Sími: 585 2700, Fax: 585 2701
www.kirkjugardar.is

Ritstjórn:

Benedikt Ólafsson
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Sigurjón Jónasson

Umsjón og greinaskrif:

Hulda G. Geirsdóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



ISSN 1670-2395

Forsíðumyndin:

Upplýsingaskilti á torgi í
Hólavallagarði.
Ljós.: Þórsteinn
Ragnarsson.

Stækkun og endurbætur á kirkjugarðinum að Stað




Séð yfir garðinn, eldri hlutinn nær.

Kirkjugarðurinn að Stað við Grindavík á sér langa sögu. Talið er að kirkja hafi verið reist á Stað í öndverðri kristni og er hennar fyrst getið í kirknatali Páls biskups frá því um 1200. Allt til 1836 var þar torfkirkja en þá var byggð trékirja. Í dag þjónar Grindavíkurkirkja svæðinu, en kirkjugarðurinn að Stað er enn aðalkirkjugarður Grindavíkinga.

Ýmsar hindranir í veginum

Samkvæmt upplýsingum frá sóknarnefnd eru fyrstu heimildir um greftrun í garðinum frá 1855 þó grafið hafi verið í garðinn mun lengur, en alls er búið að jarðsetja í rúm 600 grafarstæði í garðinum. Séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir segir að þegar hún hafi komið til starfa um 1990 hafi svo virst sem nægt rými væri í garðinum, en fljótlega reyndist nauðsynlegt að fara út í stækkun. „Sú framkvæmd reyndist okkur erfiðari en áætlað var. Upphaflega vildum við stækka garðinn til vesturs, en fengum það svo ekki vegna fornleifaminja á svæðinu. Hingað komu fornleifafraeðingar og tóku svæðið út og þeir ráðlögðu okkur frá þessum áætlunum. Þá vildum við stækka garðinn í átt til sjávar, en rákum okkur þá á aðrar hindranir, þ.e. að garðurinn yrði of nálægt sjó og við yrðum að fara út í miklar framkvæmdir við varnargarða o.þ.h. mannvirki. Þannig að niðurstaðan varð að stækka garðinn í átt að þjóðveginum.“ Byrja þurfti á því að fylla upp í landið og gera það grafartækt og búa til jarðveg sem væri nothæfur. Framkvæmdirnar við stækkunina reyndust því mun umfangsmeiri og kostnaðarsamari en gert hafði verið ráð fyrir í upphaflegum áætlunum.



Yfirlitsmynd af garðinum, teikning frá Landmótun.



Hleðslumennirnir að störfum, Ari Óskar Jóhannesson t.v. og t.h. er Kristinn sonur hans. Ljós.: EES



Útkoman er glæsileg og hlöðnu veggirnir þrýða garðinn mjög.

Fallegir hleðslugarðar

Til að heildarmynd svæðisins héldi sér varð að hlaða veggum utan um nýja hlutann. Sr. Jóna Kristín segir þá vinnu hafa verið mjög umsvifamikla. „Hleðslan varð mikið mannvirki, í raun mun meira en við áttum von á. Þetta eru háir garðar og afskaplega vandaðir, en við fengum Ara Jóhannesson, sem er hleðslumaður af annarri kynslóð, til að hlaða veggina. Grjótið fengum við svo úr framkvæmdum sem stóðu yfir við hafnargarðana í Grindavík.“

Forvinna að viðbótinni reyndist sókninni dýr, kostnaður við úttekt á fornminjum, teikningar og jarðvinna, auk þess sem í ljós kom gamall stígur þegar farið var að hrófla við jarðvegi. „Þessi gamla tröð var ótrúlega heilleg og við tókum þá ákvörðun að gera hana upp og vernda. Þannig að það má segja að ýmislegt óvænt hafi komið upp sem gerði okkur erfitt fyrir og var kostnaðarsamt en á sama tíma var auðvitað gaman að uppgötva þessar minjar á staðnum.“

Fellur vel að umhverfinu

Í nýja hlutanum er gert ráð fyrir duftreit, en þeir hafa verið að ryðja sér til rúms í kirkjugörðum á Íslandi undanfarið. Auk þess er aðkoman að garðinum mjög skemmtileg, en rúmgott torg er á milli gamla og nýja hlutans sem tengir garðana tvo. Þar er einnig að finna minnisvarða um horfna og styttu af séra Oddi V. Gíslasyni frumkvöðli í slysavarnarmálum á Íslandi.

Um hönnun nýja hlutans sá Einar E. Sæmundssen hjá



Við klukknaportið, f.v. Einar Bjarnason, formaður safnaðarsjórnar, Birna Bjarnadóttir, kirkjuvörður, Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, Guðmunda Kristjánsdóttir, meðhjálpari og safnaðarfulltrúi og Bjarghildur Jónsdóttir, gjaldkeri safnaðarsjórnar.

Landmótun og segir Sr. Jóna Kristín að honum hafi tekist vel að fella viðbótina við gamla garðinn og umhverfið. „Það tókst mjög vel að fella garðinn inn í það umhverfi sem hann stendur í. Umhverfið hér er fagurt og útsýni mikið og garðurinn er vinsæll viðkomustaður fólks sem á leið hér um.“

Klukknaportið endurgert

Athygli vekur, þegar komið er að garðinum, klukknaport fagurt sem stendur í miðju garðsins. Klukknaport þetta er endurgerð eldra ports sem hannað var af Jóni Engilbertssyni, fyrrum meðhjálpara, en það var komið til ára sinna og orðið nánast ónýtt. Ákveðið var að endurbyggja það með sama formi, en það var þó stækkað örlítið. Um smíðina sá Helgi Sæmundsson og þrýðir nýja portið nú garðinn og er nokkurs konar einkennismerki hans, en það stendur þar sem kór gömlu Staðarkirkjunnar var áður.

Unnið af heimamönnum

Lögð var áhersla á að verkið yrði unnið af heimamönnum og sáú G.G. Sigurðsson og T.G. Raf um verklegar framkvæmdir, auk hleðslumannsins. Einnig hefur umsjónarmaður garðsins, Páll Gíslason, lagt sitt af mörkum og segir Sr. Jóna Kristín að hann



Klukknaþortið setur sterkan sviþ á garðinn, nýi hluti garðsins er næst á myndinni.

hafi unnið gott verk. „Við höfum verið mjög heppin með umsjónarmenn garðsins í gegnum tíðina, en þeir hafa lagt mikinn metnað í umhirðu hans. Þeir Ólafur Sigurðarson og Sigurpáll Aðalgeirsson áður og svo Páll nú. Auk þess hafa þær Birna Bjarnadóttir, kirkjuvörður, og Guðmunda Kristjánsdóttir, meðhjálpari, séð um alla skráningu tengda garðinum og er hún nú orðin rafræn og garðurinn skráður á www.gardur.is.“

Kostnaðarsamt verk

Framkvæmdir hófust árið 2002 og er nú nánast lokið. Nýja svæðið var blessað og tekið í notkun í nóvember 2004. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar er yfir 30 milljónir króna og hefur sveitarfélagið lagt til fjármagn eins og lög gera ráð fyrir. „Sveitarfélagið hefur stutt framkvæmdirnar, en einnig sóttum við um styrk til Kirkjugarðasjóðs. Sú umsókn hefur þó ekki verið afgreidd enn, en við erum vongóð um jákvæðar undirtektir svo við megum ljúka framkvæmdum og frágangi af myndarskap,“ segir Jóna Kristín.

„Við erum afskaplega ánægð með hvernig til hefur tekist og viðbrögð almennings eru mjög jákvæð.“ Það má með sanni segja að kirkjugarðurinn að Stað sé mikil þryði og tilvalinn áningarstaður þeirra sem eiga leið um Reykjanesið.



Stytan af Oddi V. Gíslasyni.

Heimildir:

Mannfólk mikilla sæva eftir Gísla Brynjólfsson, útgefin 1975.
Safnaðarblað Grindavíkurkirkju, 1. tbl. 6. árg. – apríl 2006

**spennubreytar**
TRANSFORMERS ehf.
Sími 555 4745 – Box 400
Trönuhrauni 5 – 222 Hafnarfjörður

Fróðleg Danmerkurför starfsmanna KGRP

Nokkrir starfsmenn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma fóru í skoðunarferð til Danmerkur sl. haust. Tilgangur fararinnar var fjórþættur, að heimsækja kirkjugarða í Danmörku og kynna sér starfsemi þeirra, að kynna sér starfsemi bálstofa, nýjungar í véla- og tækjakosti og varðveislu gamalla minningarmarka, auk þess að sækja garðyrkjusýninguna „Have og Landskab“. Sjö starfsmenn fóru til Danmerkur, en þeir voru Sigurjón Jónasson, sem skipulagði ferðina, Þórsteinn Ragnarsson, Þorgeir Adamsson, Heimir Janusarson, Þorgrímur Jørgensson, Halldór Pedersen og Karl Þórir Jónasson. Að sögn Þorgeirs Adamssonar, garðyrkjustjóra KGRP, tókst afskaplega vel til. „Markmið ferðarinnar var fyrst og fremst að víkka sjóndeildarhringinn og skoða starfsemi kirkjugarða frá fleiri sjónarhornum. Athyglisvert var að kynna sér vinnuaðferðir og skipulag nágretta okkar.“

Góð umgengni almennings

Að sögn Þorgeirs hefur staðið til í nokkur ár að skipuleggja slíka ferð, en þetta var í fyrsta skipti sem starfsmenn hafa farið í fræðsluferð sem þessa. Margt athyglisvert varð á vegi sjömenninganna og samburður á starfsemi í Danmörku og hér á landi var á margan hátt lærdómsríkur. „Við sáum margt nýtt á véla- og tækjasýningunni og lærðum ýmislegt um frágang og viðhald gamalla garða. Einnig vakti aðbúnaður starfsfólks athygli okkar og þær bálstofur sem við skoðuðum voru mjög vandaðar og nútímalegar. Í samburði við okkur hér heima eru



Hópurinn samankomin í Danmörku.

Danir mjög framarlega og kirkjugarðar í Danmörku eru mjög fínir. Í Danmörku eru umgengnisreglur um kirkjugarða mjög skýrar og fólk virðir þær. Viðhorf almennings til umgengni er betra og garðyrkjuhefðin lengri. Við Íslendingar gætum lært af þeim hvað þennan þátt varðar.“

Þorgeir segir alla hafa verið mjög ánægða með ferðina og gott hafi verið að stíga aðeins út úr hringnum hér heima ef svo megi að orði komast. „Við munum örugglega skipuleggja aðra slíka ferð í framtíðinni enda urðum við margs vísari að þessu sinni.“



Kirkjugarðar í Danmörku eru margir hverjir mjög gróðursælir og fallegir.



Falleg stytta við leiði. Ljósmyndir: Þ.A

Björn Th. Björnsson

Þjóðreisn og þjóðhvöt í kirkjugarði



Björn Th. Björnsson.

Enda þótt legmörk í kirkjugörðum séu til minningar um látinn mann, lýsa þau oft eftirlifendum betur en honum. Það er mat þeirra, listræn, trúarleg eða þjóðernisleg sem ákvarðar minnismarkinu gerð, tákn og

áletrun. Og það er einmitt fyrir því sem minningarmörk í kirkjugörðum eru svo áhugaverður tímaspegill. Það er hluti af þjóðernisvakningu Íslendinga að reisa „minnisvarða“. Þjóðarsöfnun Fjölnismanna til að reisa Tómasi Sæmundssyni minnisvarðann á Breiðabólstað varð fyrsta skrefið í þá átt. Áður fyrr lágu legsteinar flatir á leiðum manna, en þar sem nú var litið á þá sem „minnismarki“ var nú farið að reisa þá upp. Varðinn yfir Gísla lækni Hjálmarsson og Sigurð málara í Hólavallagarði voru ein fyrstu skrefin í þessa átt þjóðlegrar sjálfsvitundar, og að sjálfsgöðu enn varðinn stóri yfir Jón Sigurðsson forseta.



Minnisvarðinn á Breiðabólstað um Tómas Sæmundsson.



Stuðlabergsdrangurinn yfir Birni Jónssyni í Hólavallagarði.

„Norðurstranda stuðlaberg“

Engin þjóð getur eða hefur nokkurn tíma háð frelsisbaráttu sína nema með því að eiga sér sameiningartákn. Slík tákn hafa verið með ýmsu móti; hugmyndir í skáldskap, svo sem „Fjallkonan frið“ í þjóðvakningarkvæðum Íslendinga, fáni og fánalitir, svo sem með Frökkum, „frelsi, jafnrétti og bræðralag“ eða þá eitthvert sterkt sérkenni náttúru heimalandsins. Jón skáld Thoroddsen lýkur þjóðhvöt sinni sinni á orðunum: „Norðurstranda stuðlaberg stendur enn á gömlum merg.“ Í rómantik sjálfstæðisbaráttunnar varð flatti þorskurinn um skeið að víkja úr skjaldarmerkinu fyrir þeirri íslensku konungsgersemi, fálkanum, sem enn má sjá á nokkrum byggingum frá þeim tíma.

Sérlega fer vel á því að fyrsti uppreisti stuðlabergsdrangurinn í Hólavallagarði skuli hafa verið reistur yfir þá miklu kempu á þjóðmálasviðinu, Björn Jónsson ritstjóra og ráðherra sem lést og var sunginn til grafar í árslok 1912. Stuðullinn er einkar reisulegur, með krossi, nafni Björns og ártölum.



Stuðlabergsdrangurinn yfir Jóhannesi Sveinssyni Kjarval.

Kjarvalsdrangur

Yngsti upprétti stuðladrangurinn í garðinum mun vera sá sem reistur var yfir listmálarann mikla, Jóhannes Sveinsson Kjarval, árið 1972. Hann er við hliðina á leiði Karitasar móður hans og Ingimundar fiðlungs bróður hans í reit E 8 – 51. Að ofanverðu hefur nokkuð fleygast úr steininum, en ekki til verulegra lýta. Það skiptir þó engu hjá hinu, að hér eigum við hinnta hvílureit þessa ástsæla mikilmennis í íslenskri lista- og menningarsögu, helgan reit komandi kynslóðum sem sækja munu í þakklæti og lotningu til minningar málarans mikla Jóhannesar Sveinssonar Kjarval.

Eftirþanki

Ímyndum okkur hversu ríkari þjóðin væri í landi sínu ef hún ætti gróf Jónasar álíka ósnerta og ótruflaða sem Kjarvalsleiðið er.



Fjöl-smíð ehf

Likkistuvinnustofa

Fjöl-smíð Likkistuvinnustofa er fjölskyldufyrirtæki sem stofnsett var árið 1995. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á likkistum og krossum á leiði, auk þess að sjá um bólstrun og hönnun á sængurfötum í kistur. Fjöl-Smíð býður upp á fjölbreytt úrval af likkistum. Einnig bjóðum við margar tegundir af duftkerum og hluti sem notaðir eru í kirkjugörðum, s.s. blómavasa og kertaluktir.



Fyrirtækið þjónustar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni, jafnframt því að þjónusta heilbrigðisstofnanir og einstaklinga um land allt. Að Stapahrauni 5 er rúmgóður sýningarsalur sem opinn er alla virka daga frá kl.8.00 til 17.00, og eru þar veittar allar upplýsingar um vörur og þjónustu, einnig er hægt að hafa samband eftir lokun og um helgar í síma 565-8995 og farsíma 898-5765, einnig er hægt að fá sendan bækling ef eftir því er óskað. Kisturnar frá okkur uppfylla kröfur umhverfisstaðla Norðurlanda hvað varðar greiftrun og brennslu.



Fjöl-smíð likkistuvinnustofa
Stapahrauni 5 - 220 Hafnarfirði
sími: 565-5775.
Netfang: fjol-smid@mmedia.is
Heimasíða: <http://www.likkistur.is>

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímarr Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Halldór Ólafsson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Vel heppnuð norræn ráðstefna

Dagana 24. – 27. ágúst sl. fór fram í Reykjavík ráðstefna norrænna samtaka bálstofa og kirkjugarða. Á dagskrá voru fjölbreytt málefni er varða kirkjugarða og bálstofur, t.d. fjármál, skipulagsmál, siðfræði, tækninýjungar, umhverfismál, tölvutækni, sagnfræði og kynnisferðir í reykvíska kirkjugarða. Auk þess var boðið upp á skemmtidagskrá á kvöldin og síðasta daginn stóð gestum til boða að fara í skoðunarferðir í Reykholt í Borgarfirði, í Skálholt og á Þingvelli.

Alls sóttu um fjögur hundruð manns ráðstefnuna og þótti hún takast afskaplega vel. Jóhannes Pálmason, stjórnarformaður Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, flutti opunarávarp ráðstefnunnar, en yfirskrift hennar var „Kirkjugarðurinn sem verustaður.“ Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, setti ráðstefnuna formlega og í ávarpi sínu lagði hann áherslu á hversu stóran sess kirkjugarðar skipa í byggðum landsins og hið margslungla hlutverk þeirra í menningu og þjóðlífi.



Jóhannes Pálmason, stjórnarformaður KGRP, fluttur opunarávarpið.

Undirbúningur til sóma

Jóhannes Pálmason, stjórnarformaður KGRP, segir ráðstefnuna hafa verið vel undirbúna og til sóma fyrir alla þá er að málinu komu. „Ég tel að þessi ráðstefna hafi vel staðist samanburð við aðrar sambærilegar ráðstefnur og ekki verið

siðri en síðasta ráðstefna NFKK sem fram fór í Abu í Finnlandi árið 2001. Þarna komu fulltrúar frá bálstofum og kirkjugörðum á Norðurlöndunum öllum og viðbrögð gestanna voru einróma jákvæð og góð. Dagskráin var fjölbreytt og þannig upp sett að menn gátu valið sér erindi er féllu að þeirra áhugasviði og svo var boðið upp á skemmtidagskrá og ferðalög sem tókust mjög vel í einmuna veðurblíðu.“



Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, setti ráðstefnuna.

Margt áhugavert fyrir Íslendinga

Tæplega 30 Íslendingar sátu ráðstefnuna og telur Jóhannes að þeir hafi orðið reynslunni ríkari af því að kynnst vinnubrögðum norrænna starfsfélaga sinna. „Erindin voru mjög fróðleg og ég tel að þeir Íslendingar sem sóttu ráðstefnuna hafi lært mikið. Kirkjugarðar njóta sívaxandi vinsælda sem útivistarsvæði, auk hins hefðbundna hlutverks þeirra, og mikið var fjallað um skipulag kirkjugarða með þetta í huga. Svona ráðstefna hefur ómetanlegt gildi fyrir okkur Íslendinga. Það er gott að kynnst viðhorfum og þróun mála í nágrenna löndunum og okkar fólk naut þess að fylgjast með enda voru erindin öll þýdd á íslensku og því ekki um tungumála-örðugleika að ræða hjá neinum.“

Kynntu íslenska grafarsíði og sögu

Á ráðstefnunni voru einnig flutt erindi um íslenska grafarsíði í gegnum tíðina og fleira er tengist menningu og sögu kirkjugarða á Íslandi. Var gerður góður rómur að þeim erindum og þótti margt fróðlegt sem kom fram um grafarsíði á



Fánar þjóðanna blakta við Háskólabíó.

norrænum slóðum.

„Á heildina lítið tókst þessi ráðstefna afskaplega vel og hinn mikli undirbúningur skilaði sér í vel skipulagðri og áhugaverðri ráðstefnu sem gestir nutu,“ segir Jóhannes að lokum.

Ráðstefnur NFKK eru haldnar á fjögurra ára fresti og verður sú næsta haldin í Gautaborg í Svíþjóð árið 2009.



Sigurjón Jónasson, rekstrarstjóri KGRP og Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP, kampakátir með vel heppnaða ráðstefnu.



Ráðstefnugestir spjalla saman.

Takk fyrir okkur...



Við þökkum kirkjum og söfnum um víðsvegar um landið fyrir gott samstarf.

Jóni Höfðsson



GH Ljós
Garðatorgi 7
210 Garðabæ
Sími 5656560
Fax 5656160
gh@gh.is
www.gh.is

Hvenær sem kallið kemur

Um íslenska útfararsíði fyrr og nú



Ljós hafa verið sett á grafir hér á landi frá því skömmu eftir 1930, aðallega um jólin. Myndin er tekin í duftreitnum í Fossvogskirkjugarði í byrjun janúar 2005. Ljósmyndari Magnús Reynir Jónsson.

Ágúst Ólafur Georgsson

Hin eina bjargfasta staðreynd sem mannskepnan getur gengið út frá er sú víska að hún muni einhvern tíman deyja. Hvert samfélag hefur þróað með sér ákveðnar kveðjuathafnir sem fyrst og fremst hafa þann tilgang að styrkja þá sem eftir lifa. Þjóðfélagsbreytingar og trúarhugmyndir hafa jafnan haft mikil áhrif á þetta atferli. Í grein þessari verður stiklað á stóru í sögu útfararsíða hér á landi.

Heiðni og haugar

Í fornöld, um 870 – 1000, voru Íslendingar grafnir í lágum haugum eða dysjum en líkbrennsla tíðkaðist ekki eins og vanalegt var á Norðurlöndunum á þeim tíma. Kistur þekktust en voru ekki mjög algengar og einstaka sinnum kom fyrir að menn væru heygðir í litlum bátum. Grafirnar eða kumlin voru yfirleitt skammt frá bæ þar sem hinn látni hafði átt heima. Karlmennt fengu oftast vopn með sér í

gröfina en konur aðallega skartgripi. Einnig koma fyrir munir til daglegs brúks, hnifar, brýni og fleira, jafnvel matur. Nokkuð algengt var að hestar og hundar væru heygðir með bæði konum og körlum. Heiðnir menn voru oft grafnir á bakinu í fötum sínum með hendur niður með síðum, krosslögðum yfir kvið eða upp á brjóstið. Einnig tíðkaðist að leggja líkið á hlið í krepptri stellingu. Höfuð vísaði ýmist til suðurs eða vesturs. Yfirleitt var einn í hverri gröf þótt dæmi séu um tvo. Greftrunarsíðir fornanna benda til hugmynda um ferðalag til annars heims og má í því sambandi minna á þann síð að binda látnum mönnum helskó að ganga á til Valhallar, eins og segir í Gísla sögu Súrssonar. Völd, efnahagur, kynja- og stéttaskipting endurspeglast mjög í útfararsíðum fornanna.

Kristnir grafreitir

Íslendingar tóku kristni um árið 1000 og var þá farið að jarða í kirkjugörðum. Þar að auki var eitthvað um að bein heiðinna

manna væru tekin upp og flutt í kristna grafreiti. Bein voru einnig færð úr aflögðum kirkjugörðum á miðöldum og sett í nýja.

Talsverður munur var á útfararsíðum hjá kaþólsku og lútersku kirkjunni, en sú fyrrnefnda tók almennt meiri þátt í dauða og greftun. Lagði hún áherslu á fyrirgefningu og frelsun hins dauða í samræmi við kenninguna um hreinsunareldinn, en dvölinna í honum mátti stytta með fyrirbænum og sálumessu. Greftrun í kaþólskum síð tók langan tíma með bænum, signingum, sálmum, blessunum, reykelsi og vígðu vatni. Með síðaskiptunum varð útförin látlausari, t.d. var síðasta smurningin lögð niður, sem kaþólskir prestar veittu deyjandi fyrir andlátíð, menn höfnuðu hreinsunareldinum og afnámu sálumessur.

Dauðinn kallar að

Hræðsla við að vera grafinn lifandi var vel þekkt fyrirbæri og hafði áhrif á frágang látinna fram á 20. öld. Af þessum sökum voru gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að ganga úr skugga um hvort viðkomandi væri örugglega dáinn og tóku sumir loforð af vinum og vandamönnum um að það yrði gert. Meðal annars var heitt vax látið drjúpa á hörund hins látna til þess að sjá hvort líkaminn kipptist við eða opnuð slagæð. Algengt var að bera spegil upp að andliti hins dána og athuga hvort móða eftir andardrátt myndaðist á speglinum. Kæmi hún ekki var talið fullvíst að viðkomandi væri látinn. Eftir að læknar fóru að gefa út dánarvottorð hafa þessar aðferðir lagst niður að því undanskildu að einstaka sinnum koma fram óskir um að skera á puls.

Algengt var að opna glugga sem næst rúmi hins látna strax eftir að hann skildi við, a.m.k. á seinni öldum. Þetta var gert til þess að sleppa sálinni út svo hún kæmist til himna og ennfremur til að hleypa inn fersku lofti. Venjulega var lík

fjarlæggt úr rúmi þegar það var orðið kalt og farið að stírðna. Líkið var lagt á fjöl eða líkbörur, breitt yfir það og flutt í aðra vistarveru uns var kistulagt. Þess var þá jafnan gætt að láta fætuna vera á undan. Sumir sögðu það vera til þess að hinn dauði rataði ekki inn aftur. Einnig var algengt að lík stæðu uppi í kirkjum vegna plássleysis á sveitabæjum. Þá var vanalegt að vakað væri yfir líkum að nóttu þar til þau voru kistulögð og haft ljós ef dimmt var, sem ekki mátti ekki slökkna. Tíðkaðist þetta fram yfir aldamótin 1900.

Við andlát á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum staðfestir lækni andlát og gefur út dánarvottorð. Ef aðstandendur eru ekki viðstaddir andlátið er haft samband við þá eins fljótt og hægt er. Ennfremur er prestur, djákni eða forstöðumaður trúfélags kallaður til. Við skyndidauðsföll í heimahúsum er sjúkrabíll með lækni alltaf ræstur út og auk þess lögregla. Þar að auki ber að boða prest eða samsvarandi persónu.

Umbúnaður látinna

Hluti af því að hlúa að látnum var að veita svokallaðar nábjargir, en það er að loka augum, munn og jafnvel nefi þegar öruggt þótti að viðkomandi væri dáinn. Hugsanlega tengdist þessi venja hræðslu við augnaráð dauðra, þ.e. að það gæti með einhverjum hætti verið skaðlegt.

Líkþvottur er ævafor siður og mun heimilisfólk hafa annast hann á miðöldum en ljósmæður á síðari öldum, eða konur sem kunnu handtökin og voru ekki líkhræddar. Í þessu sambandi má minna á að í mörgum samfélögum gegndu konur mikilvægu hlutverki við umönnun látinna. Andlit og hendur voru alltaf þvegnar og hárið greitt en seinna var farið að þvo allan líkamann. Skömmu fyrir aldamótin 1900 var byrjað að binda upp kjálka hins dauða með svo kölluðum hjálmböndum til þess að halda munninum lokuðum, en í dag er notaður hálskragi.

Líkkistur hafa hugsanlega verið algengari á miðöldum en talið hefur verið. Lengst af voru þær í laginu eins og burstabær, oftast svartar á lit, en á 19. öld tók annars konar kistulag frá Danmörku að ryðja sér til rúms. Núverandi kistulag kom til sögunnar um aldamótin 1900 en hvítmálaðar líkkistur urðu algengar eftir 1920. Um þetta leyti eða nokkru áður var farið að skreyta kistur með útskurði og



Jarðarför á Breiðabólstað í Fljótshlíð 1836. Presturinn býr sig undir moldun með spaða í annarri hendi en handbók í hinn. Teikning Auguste Mayer.



Húskveðja við sveitabæ 1910. Ljósmynd Fjóðminjasafn Íslands (AJ 3941).

ennfremur krönsum og á þriðja áratugnum með lifandi blómum, sem hefur verið alsíða upp frá því. Yfirleitt var kistusmiður í hverri sveit en fyrsta líkkistuverkstæðið var stofnað í Reykjavík skömmu eftir aldamótin 1900. Á seinni árum hefur innlend kistusmiði stórlega dregist saman og eru líkkistur nú mikið til innfluttar.

Á miðöldum voru ákvæði um að ekki mætti flytja lík til kirkju bert eða óhreit. Skyldu þau fyrst þvegin, sveipuð líni eða vaðmáli og lögð í kistu. Oft voru menn þó grafnir án kistu sökum fátæktar, viðarskorts eða drepsotta. Á síðari öldum voru lík venjulega sett inn í lak eða

rekkjuvoð og saumað fyrir ofan og neðan. Einnig þekktist að jarða fólk í sparifötunum eða hversdagsbúningi og presta í hempum sínum. Fátæk fólk hefur sennilega verið kistulagt í nærfötum innan í lakinu. Sérstök líkklæði þekktust ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar nema hjá heldra fólki í kaupstöðum. Þá var líkið stundum sveipað hvítum dúki og saumað fyrir höfði og höndum en andlitið haft bert og lagður yfir það hvítur dúkur, svo kallaður svitadúkur. Seinna var farið að gera kirtil. Frá því á 20. öld hefur fólk ennfremur verið jarðað í náttfötum, léttum klæðnaði og dæmi eru um kjólföt, brúðar- eða samkvæmiskjóla.



Jarðneskar leifar konu sem grafín hefur verið í kistu á 11. eða 12. öld. Myndin er tekin í kirkjugarðinum í Keldudal í Skagafirði 2003. Ljósmyndari Guðný Zoëga.

Á miðöldum voru hendur látinna ýmist hafðar niður með mjöðmum eða krosslagðar yfir bringu en hinn dauði lá á bakinu eins og ævinlega síðan. Krosslagðar hendur á líkum virðist því ekki hafa verið nein kristileg skylda á þessum tíma. Höfuð vísaði í vestur með ásjónu á móti hinni risandi sól. Um aldamótin 1900 var algengast að krossleggja hendleggi á brjóstinu og var það þá sagður nýr siður að setja handleggi meðfram síðum. Krosslagðar hendur virðast einnig hafa verið algengar á öldunum þar á undan samkvæmt niðurstöðum rannsókna í gömlum kirkjugörðum. Í dag eru hendur ýmist krosslagðar upp á brjóstið eða lagðar niður með mjöðmum.

Guðsorðabækur fylgdu oft með í gröfina og þar að auki einhverjir smáhlutir sem hinum framliðna voru kærir. Við kistulagningu var oft sunginn sálmur og lesin ritningarorð en hún gat bæði verið inni á heimilinu eða í kirkju.

Við andlát á sjúkrahúsum er lögð áhersla á að hafa umhverfi hins dána hlýlegt, dúkur settur á náttborð, kerti, sálmabók, Nýja testamentið og hugsanlega persónulegir munir. Hinum látna er þvegið og greitt, karlmenn rakaðir, konur snyrtar og líkið klætt í skyrtu. Hafi hinn látni fengið líknandi meðferð á heimili sínu annast hjúkrunarfræðingur viðkomandi þjónustu frágang líksins og umönnum

aðstandenda. Í heimahúsum er einnig lögð áhersla á hlýlegt umhverfi eins og áður er lýst.

Húskveðja

Á 19. öld var tekið að halda svo kallaða húskveðju á heimili hins látna, í fyrstu aðeins yfir helstu fyrimönnum, en eftir 1870 varð þetta almennur siður. Húskveðja var í raun fyrsti hluti jarðarfara og algengt að húsbóndi eða annar leikmaður sæi um hana. Síðar tóku prestar við þessu hlutverki. Í tengslum við athöfnina var yfirleitt borinn fram matur eða kaffiveitingar. Stundum þurfti að taka úr glugga þegar dyrnar á húsinu voru ekki nógu stórar fyrir líkkistuna. Eftir að fók hætti að mestu að deyja í heimahúsum lögðust húskveðjur nær alveg niður en voru þó algengar fram yfir miðja 20. öld. Kveðjuathöfn með hinum nánustu, kistulagning, hefur að nokkru komið í staðinn og fer fram í kapellum eða kirkjum að viðstöddum prest sem blessar yfir hinn látna í kistunni og fer með guðsorð.

Upp úr 1990 jukust aftur andlát á heimilum með tilkomu sérhæfðar líknarþjónustu í heimahúsum. Bæna- eða kveðjustundir presta við dánarbed á heimilum og á sjúkrahúsum færðust jafnframt í vöxt en fyrstu sjúkrahúsprestar komu til starfa á Íslandi í lok níunda áratugsins.

Útför

Vanalega var lík flutt til kirkju daginn fyrir jarðarförina eða samdægurs nema ef það hafði verið látið standa uppi í kirkjunni og kistulagt þar. Fyrir daga bílsins voru lík flutt til kirkju á hesti. Jarðarför fór venjulega fram viku eftir andlát. Prestur flutti bænir og blessunarorð en líkræður með sérstakri umfjöllum um hinn látna tíðkuðust ekki fyrr en á 19. öld og í fyrstu eingöngu yfir efnamönnum. Var ræðan þá flutt við gröfina en ef veður var vont í kirkjunni. Áður var einungs um prédikun að ræða við útfarir. Eftir að kistan var komin í gröfina og presturinn hafði kastað rekunum voru sungnir nokkrir sálmur á meðan mokað var yfir. Síðan tók við erfidrykkja á heimili hins látna en í seinni tíð einnig í sal úti í bæ. Erfidrykkjur hafa tíðkast frá örófi alda en misjafnlega var í þær borið eftir efnun og ástæðum. Á seinni árum hefur fjöldi veislugesta og

veitingar farið gríðarlega í vöxt með tilheyrandi kostnaði, jafnvel talað um gegndarlausan íburð í kræsingum af öllu tagi.

Sökum ófærðar eða slæmrar verðráttu náðist stundum ekki til prests í lengri tíma til að annast jarðarför. Var þá gripið til sérstaks afbrigðis útfara, svokallaðrar staursetningar. Þá var gröfinni lokað á venjulegan hátt en skilið eftir op eða renna niður á kistuna sem lokað var með staur og unnt að fjarlægja þegar klerkur kom í kirkjugarðinn. Gat hann þá kastað rekunum niður um opið. Voru þá jafnframt sungnir sálmur og lesið yfir hinum framliðna. Yngsta dæmi um staursetningu er frá um 1920.

Bálfarir hófust á Íslandi árið 1948 og hafa farið í vöxt á síðustu árum en um 17% allra látinna eru nú brenndir. Á höfuðborgarsvæðinu er þetta hlutfall tvöfalt hærra.

Mikil breyting hefur orðið á útfarathöfninni síðastliðin 100 ár eða þar um bil. Um aldamótin 1900 var athöfnin einföld í sniði og skiptist á milli kirkju og kirkjugarðs. Í dag er útförin í formi guðsþjónustu og fer nær öll, ef ekki alveg, fram í kirkjunni þ.m.t. moldun. Þá hefur veraldleg tónlist af ýmsu tagi mjög rutt sér til rúms á síðustu árum og sett persónulegri svip á jarðarfari.

Eitt sinn skal hver deyja

Í viðhorfi manna til dauðans áður fyrr gætti mikillar forlagatruár: „Lífið var fallvalt“, „dauðinn gerði ekki boð á undan sér“ og „eigi mátti sköpum renna“. Til forna þótti til fyrirmyndar að mæta dauðanum með æðruleysi og bera sig vel gegn hinu óumflýjanlega. Samkvæmt síðari tíma heimildum var þó sjaldan talað um dauðann og báru menn óttablandna virðingu fyrir honum. Þetta endurspeglast meðal annars í því að yfirleitt var ekki talað illa um dáid fólk og kostum þess látna frekar haldið á lofti en ókostum. Ennfremur voru fyrirboðar af ýmsu tagi taldir geta sagt fyrir um feigð. Þannig var algengt að klukknaðljómur fyrir eyrum boðaði mannlát úr þeirri átt sem hann barst. Atferli dýra spáði einnig fyrir um dauða, t.d. ef hrafnar flugu í kross yfir bæ átti einhver að vera þar feigur og alþekkt er máltækið „sjaldan er köttur í feigs manns fleti“. Hjátrú í sambandi við dauðann hefur mikið til horfið og er það í

samræmi við breytta lífshætti og aukna almenna menntun. Þá má þess geta að lengst af var sorgin einkamál og talin dyggð að bera harm sinn í hjóði. Viðurkenning á tilvist sorgarinnar og umræður um hana hófust hér á landi fyrir tæpum 20 árum með stofnun sorgarsamtaka.

Sérhæfing dauðans

Á 20. öld hefur dauðinn flust frá

heimilunum inn á tæknivæddar sjúkrastofnanir og elliheimili. Hefur það haft ýmsar breytingar í för með sér. Læknar úrskurða nú fólk látið og heilbrigðisstarfsmenn ganga frá hinum látnu í stað heimilisfólks áður. Síðan tekur við útfararþjónusta sem í mörgum tilfellum færir viðkomandi í líkklaði, útvegur kistur, sér um flutning og annast nálega allan undirbúning jarðarfararinnar. Þannig má segja að umbúnaður látinna og útfarir hafi farið úr höndum almennings til sérhæfðs

starfsfólks eins og svo margt annað í þjóðfélaginu. Þá hafa útfarir, a.m.k. í stærstu bæjum, orðið hreinn atvinnuvegur með tilheyrandi samkeppni og hagnarðarvon þótt það sé auðvitað ekki algilt.

Höfundur er sérfræðingur á Þjóðminjasafni Íslands.

Helstu heimildir

Árni Björnsson, 1996. Merkisdagar á mannsævinni. Reykjavík.

Hjalte Hugason, 1988. Kristnir trúarhættir. Íslensk þjóðmenning 5, bls. 75-339. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík.

Jónas Jónasson, 1975. Íslenzkir þjóðhættir. Reykjavík.

Kristján Eldjárn, 2000. Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Ritstjóri Adolf Friðriksson. Reykjavík.

Leiðbeiningar við andlát, umönnun látinna og aðstandanda þeirra, 1999. Heilbrigðisskýrslur, fylgirit nr. 2.



**Útför
jarðarför - bálför**

*Athyglisverðar
upplýsingar, kynnið
ykkur málið!*

kirkjugardar.is/hagnytar

Komatsu Zenoah vélorf, keðjusagir og limgerðisklippur.

Sterkbyggð, örugg og afkastamikil vinnutæki



Stiga sláttuvélar í úrvali.

Sænskar, einstaklega notendavænar sláttuvélar



Club Car raf- og bensínbifreiðar í úrvali.

Virtasta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með 40 ára reynslu.



Vetrarsól ehf.
Askalind 4, Kópavogur
Sími 564 1864 · Fax 564 1894
Netfang vetrarsol@simnet.is

Mikil saga og merkir hlutir

Kirkjan í Bjarnarhöfn



Kirkjan í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi.

Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og þar er að finna merkilega kirkju sem margir hafa gaman af að heimsækja. Í Bjarnarhöfn býr Hildibrandur Bjarnason ásamt konu sinni og börnum. Tíðindamaður Bautasteins hitti Hildibrand á dögnum og fræddist um kirkjuna litlu sem ferðalangar segja veita frið í hjarta.

Árið 886 nam Björn austræni land í Bjarnarhöfn og valdi staðnum nafn. Björn var bróðir Auðar djúpúðgu og dvaldi Auður um vetrarbil í Bjarnarhöfn er hún kom til landsins. Auður var kristin, en um landnám ríkti heiðni á Íslandi og því kusu þeir sem hingað komu kristnir að láta jarða sig í flæðarmáli eða sökkva sér í hafið, þar sem ekki var hægt að komast í vígða mold, en hafið var álitid heilagt. Þrátt fyrir að Björn væri heiðinn, kaus hann að láta jarðsetja sig í flæðarmálinu ef svo skyldi fara að kristni yrði tekin upp á Íslandi. Ekki er vitað hvort kirkja var í Bjarnarhöfn fyrir kristnitöku. Fyrstu annálar sem til eru um eigur hennar eru frá 1286 en þó er talið að kirkja hafi staðið þar frá kristnitöku. Upphaflega var kirkjan helguð Nikulási heilögum og líklegast hefur verið um torfkirkju að ræða til að byrja með, en síðan timburkirkju. Kirkjan

sem nú stendur í Bjarnarhöfn er frá 1856 og var byggð af Þorleifi Þorleifssyni, lækni og sjáanda.

Hollensk altariстаfla með merka sögu

Hildibrandur Bjarnason er ábúandi í Bjarnarhöfn og tekur hann árlega á móti miklum fjölda gesta er sækja staðinn heim til að skoða kirkjuna og hákarlaverkun Hildibrandar. Marga áhugaverða hluti er að sjá í kirkjunni og þar er saga á bak við hverja fjöl. Hildibrandur segir kirkjuna einstaka og best sé að sjá hana með eigin augun. „Sjón er sögu ríkari,“ segir Hildibrandur. „En sá hlutur sem er kannski hvað athyglisverðastur er altariстаflan. Fjölmargir erlendir gestir hafa komið sérstaklega til Íslands til að berja hana augum. Saga hennar er löng og rekja má hana til verslunarmanna frá Hollandi. Skip Hollendingana lenti í stormi og hétu þeir á kirkjuna að þeir myndu gefa henni altariстаflu ef þeir kæmust af, sem þeir og gerðu. Næst þegar þeir komu til landsins færðu þeir kirkjunni töfluna sem máluð er á tré, á sérstakan við sem sagður er hafa verið í þurrki í tvær aldir áður en hægt var að mála á hann. Engar sprungur

eru í töflunni og myndin ber aldurinn ótrúlega vel. Myndin sýnir Jesús eftir upprisuna þar sem hann birtist tveimur lærisveinum sínum sem eru að leita hans. Uppi hafa verið kenningar um að myndin sé jafnvel eftir Rembrandt sjálfan, en Hildibrandur segist ekki þora að sverja fyrir það. „Talað hefur verið um að myndin sé frá skóla Rembrandts en sumir hafa velt því fyrir sér hvort hún sé ekki bara eftir hann sjálfan. Myndin er sérstök að því leyttinu að hún virðist alltaf öll vísa til áhorfandans, alveg sama hvar hann stendur. Það eru ekki bara augun sem fylgja manni, heldur myndin öll. Svo þegar við lokum gluggunum og lokum hurðinni síðast þá lýsist Jesúmyndin upp og það er eins og hann komi út úr myndinni. Það er ótrúlegt að sjá.“

Myndin hefur varðveist vel og létu Hildibrandur og fjölskylda smíða sérstaka hlera sem hægt er að draga fyrir myndina henni til verndar og er umgjörðin ekki síður vönduð en myndin sjálf.

Einnig er að finna heilagan kaleik sem sumir segja að geti jafnvel verið meira en aldargamall, ljósakrónu, hökul og altari sklæði sem öll eiga sér mikla sögu og merka.

Hlaðinn garður í stað steyptrar girðingar

Sóknin telur aðeins níu manns og því mætti ætla að starfsemi kirkjunnar væri lítil. En svo er þó alls ekki. Hildibrandur tekur á móti fjölda gesta á ári og flestir þeirra skoða kirkjuna og muni hennar. Hann rekur einnig sögu kirkjunnar og sóknarinnar og þar kemur fram að í kringum 1800 hafi verið um 200 manns í sókninni og að á milli 1800 og 1900 hafi 200 manns verið jarðsettir í kirkjugarðinum í Bjarnarhöfn. „Í garðinum er að finna mjög gömul leiði, en við höfum ekki skjalfestar heimildir um upphaf kirkjugarðsins. Margir þekktir aðilar eru jarðsettir þar, t.d. Páll Melsteð amtmaður og Oddur Hjaltalín, fjórðungslæknir og hans kona.“

Garðurinn var stækkaður nýlega en ekki eru til tölur um fjölda grafa í garðinum. Eitthvað er um að komið hafi verið ofan á gamlar grafir við grafartöku og því ljóst að töluvert meiri fjöldi gæti verið grafin þar en yfirborðsrými segir til um. Þegar faðir Hildibrands kom að Bjarnarhöfn var farið að huga að því að því að girða garðinn, en aðeins var gömul netgirðing um hann. Markmiðið var að gera vandaða og varanlega girðingu og voru notaðar steinsteyptar einingar á milli sterkra steinsteypra stólpa. Hver grind var um tveir metrar á lengd og steypst föst í stólpana. Fljótlega kom þó í ljós að steypan vildi springa og tolldi málning illa á steininum. Gert var við skemmdir jafnóðum, en einhverju sinni brotnuðu grindur og kom þá í ljós að steypujárnið var orðið ryðgað og tært og laust í steypunni. Að aflokinni skoðun byggingarverkfræðings var ljóst að grindurnar yrðu ekki lagfærðar mikið meira og því þyrfti að endurnýja girðinguna. Ýmsir möguleikar voru skoðaðir en að endingu var ákveðið að hlaða garð úr grjóti í kringum garðinn í stað þess að fara út í svipaðar aðgerðir og áður. „Vandamálið var að fá efni í garðinn en okkur til lukku kom upp holt á Vatnaleið sem þurfti að fjarlægja og þar var að finna stuðlaberg sem nýttist við gerð garðsins. Ég fékk að hirða grjótið og fékk bíla til að keyra það heim og þar var valið úr þeim við gerð garðsins. Undir garðinum er vikursökkull og svo er torf á milli. Um hleðsluna sá Benjamín Kristinsson frá Dröngum og er óhætt að segja að hann hafi unnið gott verk.“ Gerð garðsins tók tvo ár, en verkið var styrkt af Kirkjugarðasjóði og fleirum. Hlaðni garðurinn setur óneitanlega mikinn svip á



Á þessum tveimur myndum sést vel hversu mikil breytingin er eftir að girðingin var rifin og nýr veggur hlaðin. Inngangurinn í garðinn hefur einnig verið færður.



kirkjustaðinn og fellur vel að gömlu kirkjunni og umhverfinu.

Fámenn sókn en mikill gestagangur

Þrátt fyrir að sóknin sé fámenn er gestagangur mikill og stundum koma margar rútur af fólki á dag. Staðurinn hefur þó ekki verið kynntur sérstaklega, en kynnir sig sjálfur eins og Hildibrandur segir. „Ég ætlaði aldrei að fara út í þetta, en segja má að ég hafi tekið við af föður mínum sem byrjaði að taka við gestum hér á sínum tíma. Þeir sem vilja koma hafa

bara samband við mig. Mest kemur af gestum á sumrin, en vetrarheimsóknun hefur líka fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Hingað hafa t.d. komið trúarleiðtogar og margir segjast finna fyrir miklum frið og heilagleika hér.“ Nokkuð er um að fólk gifti sig, skíri börn og fermi í kirkjunni, þannig að starfsemin er fjölbreytt þrátt fyrir smæð sóknarinnar. Ljóst er að í kirkjunni í Bjarnhöfn er margt að sjá og finna og ættu ferðalangar um Snæfellsnes að gera sér ferð til Hildibrandar og fjölskyldu og kynnast staðnum af eigin raun, því eins og hann segir sjálfur: „Sjón er sögu ríkari.“

Endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og reglugerð um útfararþjónustu

Á miðju síðasta ári skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd sem ætlað var að gera tillögu til ráðuneytisins um nokkur verkefni á sviði útfararþjónustu. Verkefni sem nefndinni var falið að fjalla um og gera tillögur um voru þessi:

Að fara yfir lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 með síðari breytingum, svo og önnur lög, með það fyrir augum að setja fram tillögu að lagabreytingum um þá þætti, sem ástæða kann að vera til að breyta í ljósi væntanlegra síðareglna.

Að endurskoða reglugerð um útfararþjónustu nr. 233/1995 með síðari breytingum.

Að semja tillögur að síðareglum fyrir útfararstofur og starfsmenn þeirra svo og aðra sem koma að þjónustu við látið fólk og aðstandendur þeirra.

Að leggja fram tillögur um sameiginlegan vettvang fyrir útfararstofur á Íslandi, m.a. hvort rétt sé að stofnað verði landssamband útfararstofa eða annars konar samtök.

Nefndin var skipuð dr. Einari Sigurbjörnssyni, prófessor, séra Kristjáni Vali Ingólfssyni, verkefnisstjóra, og Þórsteini Ragnarssyni, forstjóra, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði af sér í nóvember 2005 og í kjölfarið sendi ráðuneytið tillögurnar til umsagnar, m.a. til kirkjuráðs, kirkjugarðaráðs, útfararstofa og margra fleiri. Nefndinni var síðan falið að fara yfir þær athugasemdir og ábendingar sem bárust og lauk nefndin þeirri yfirferð í febrúar 2006.

Helstu breytingatillögur

Segja má að nefndin hafi lagt til viðameiri breytingar á lögnum og tilheyrandi reglugerðum en beinlínis snéri að útfararsíðamálum. Nefndarmenn hnutu sífellt um hin ýmsu atriði í lögum og reglugerðum sem þeim þótti eðlilegt að tekin væru inn í þá greiningu sem var í gangi. Tillögur nefndarinnar voru því mun víðtækari en erindisbréf nefndarinnar gefur til kynna.

Á slóðinni: www.kirkjugardar.is/frumvarp má sjá lagafrumvarpið eins og það verður lagt fyrir kirkjuþing í haust.

Hér verða taldar upp helstu breytingatillögur sem lagafrumvarpið inniheldur og komu frá nefndinni, ráðuneytinu og álitgerðum hinna ýmsu hópa sem skiluðu inn athugasemdum og ábendingum.

Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 með síðari breytingum voru skoðuð ítarlega.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt og orðinu „grafreiti“ bætt þar við.

Lagt til að flytja skuli lík í líkhús eftir að lækni er búinn að úrskurða mann látinn og að tilgreina skuli hámarks dagafjölda sem líða má frá andláti að útför.

Lagt er til að óheimilt sé að greftra lík eða brenna nema það sé í kistu og hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði.

Lagt er til að bætt verði við sérstökum kafla um flutning kistu eða duftkers milli landshluta eða milli landa og ráðuneytið setji leiðbeinandi reglur um flutninginn.

Lagt er til að í nýjum kirkjugörðum verði gert skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð en kristni.

Sérstakur kafli er um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þeirra. Þar kemur fram að heimilt sé að afmarka sérstaka reiti fyrir mismunandi trúarbrögð og einnig óvígðan reit ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir.

Auk þessa er lagt til að bætt verði við ákvæði um sérstakan minningarreit við kirkju vegna horfinna, látinna og druknaðra er njóta skuli sömu friðhelgi og legstaður.

Lagt er til að ákvæði er varða bálstofur, duftker og greftrun þeirra verði sett í sérstakan kafla.

Lagt er til að sérstakur kafli verði um útför og þá sem koma að útförum og þjónustu við látna og aðstandendur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að hugtakið „útför“ sé skilgreint. Ákvæði verði sett um að dóms- og kirkjumálaráðuneytið setji á laggirnar innan ráðuneytis sérstaka eftirlitsnefnd.

Lagt er til að heimild verði veitt í lögum til að taka gjald í líkhúsi til að tryggja eftirlit og þjónustu við aðstandendur.

Lagt er til að heimilt verði í lögum að gera þjónustusamning við Kirkjugarðasamband Íslands. Einnig er vakin athygli á að reglugerð um kirkjugarðasjóð hefur aldrei verið sett og nauðsynlegt sé að bæta úr því.

Reglugerð um útfararþjónustu nr. 232/1995 var nánast endursamin. Í skjalinu segir: „Breytingar á reglugerð - tillögur“ er gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar og er nýi textinn hafður með rauðu til aðgreiningar frá núgildandi texta og núgildandi greinar reglugerðarinnar hafðar innan sviga (sjá slóðina: www.kirkjugardar.is/frumvarp).

Nefndin fjallaði um síðareglur fyrir útfararstofur og starfsmenn þeirra svo og aðra sem koma að þjónustu við látna og aðstandendur þeirra.

Á slóðinni: www.kirkjugardar.is/frumvarp er hægt er að sjá skjal sem heitir „Síðareglur EFFS með skýringum“. Skjalið er þýðing sem nefndin óskaði eftir að ráðuneytið léti gera úr ensku og dönsku að viðbættum skýringum sem voru í dönsku útgáfunni. Nefndin bætti síðan við þær skýringar og eru þær viðbætur hafðar í rauðu til aðgreiningar á þýdda textanum. Nefndarmenn töldu ekki heppilegt að semja síðareglur fyrir þá sem koma að þjónustu við látna og aðstandendur þeirra. Nefndin telur brýnt að þær starfsstéttir sem koma að þjónustu við látna og aðstandendur þeirra setji sér reglur um þjónustuna sem verði

í innbyrðis samræmi. Um er að ræða eftirtaldir stéttir eða hópa: Heilbrigðisstarfsfólk, lögreglu, slökkvilið, útfararþjónustu, presta, tónlistarfólk og starfsmenn kirkjugarða.

Í hverju hinna Norðurlandanna er starfrækt landssamband útfararstofa og hefur svo verið í áratugi. Landssamböndin fara með fagmálin og innan þeirra eru málskotsnefndir sem taka á kærnum og agabrotum aðildarféлага. Landssamböndin hafa sérstök lög og sérstakt sambandsmerki (logo). Fulltrúar úr stjórn landssambanda hvers lands hittast árlega á fundi og þar bera menn saman bækur sínar. Útfararstofur sækjast eftir að vera innan landssambands og geta notað merki sambandsins ásamt merki útfararstofunnar. Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf hefur frá stofnun sent fulltrúa á sameiginlega fundi innan Norðurlandanna en hefur ekki fulla aðild vegna þess að hér á landi er ekki landssamband. U.þ.b. 60% af útfararstofum innan Norðurlandanna eru innan landssambandanna.

Fram kom í skýrslu nefndarinnar að nefndarmenn gera sér grein fyrir því að ráðuneytið getur ekki hlutast til um stofnun landssambands þar sem félagafrelsi ríkir hér á landi. Hins vegar teldu þeir heppilegt að stofnað yrði hér á landi landssamband útfararstofa. Þá yrði mun auðveldara að tryggja hátt þjónustustig innan greinarinnar. Ef landssamband yrði stofnað væri eðlilegt að freista þess að fá til þátttöku útfararstofur þeirra útfararstjóra sem stofnuðu Félag íslenskra útfararstjóra sl. sumar til að tryggja breiða samstöðu. Landssamband útfararstofa yrði væntanlega með svipuðu sniði og Kirkjugarðasamband Íslands og margir sem starfa bæði við kirkjugarðsmál og útfararþjónustu úti á landi yrðu væntanlega innan tveggja landssambanda. Engu að síður væri hægt að halda sameiginlega aðalfundi og yrði dagskránni þá skipt á milli málaflokka.

*Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.*

Bæklingur um Hólavallagarð

Á síðasta ári gáfu Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma út bækling um Hólavallagarð – gamla kirkjugarðinn við Suðurgötu. Bæklingurinn er hinn veglegasti, 16 síður og litprentaður. Þar er stiklað á stóru um sögu garðsins og birtar myndir úr garðinum, bæði gamlar og nýjar. Einnig er birt yfirlitsmynd af garðinum og sagt frá fjölbreyttum gróðri og fuglalífi sem þar þrífst. Um hönnun bæklingins sá Martin Sammtleben en texta skrifaði Gunnar Bollason.



**Uppgert minningarmerki um Steingrím Jónsson biskup.
F. 14 ágúst 1769
D. 14 júní 1845
staðsett í Hólavalla-kirkjugarði.**

Samvinnuverkefni Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, Kirkjugarðaráðs og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf., unnið árið 2005.



MÁLMSTEYPA

Þorgríms Jónssonar ehf.

MIÐHRAUNI 6 - 210 GARÐARBÆR - Sími 544 8900 - FAX 544 8901

Gunnar Bollason sagnfræðingur skrifar:

Fátt eitt um eirmyndir í Hólavallagarði

Í Hólavallagarði er að finna fáeina tugi lágmynda sem steypar hafa verið í eir. Er hér fyrst og fremst um að ræða andlitsmyndir sem fólk hefur látið gera af sér en síðar verið steypar í eir og þeim komið fyrir á legsteinum þess. Í fáeinum tilvikum eru myndirnar ekki af fólk heldur verk með trúarlegu ívafi.

Í þessum greinarstúfi er ekki ætlunin að birta neina heildarúttekt á eirlágmyndum í Hólavallagarði. Fremur er tilgangurinn að vekja athygli lesenda *Bautasteins* á þessum þætti minningarmarkalistarinnar og birta fáein sýnishorn af þeim verkum sem hér um ræðir. Verður því vegur ljósmynda stór í þessu yfirliti. Ekki er þó ólíklegt að á seinni misserum birtist á síðum *Bautasteins* fyllri úttekt á þessum verkum.

Í Hólavallagarði ber mest á myndum eftir Ríkarð Jónsson (1888 – 1977) og því næst Einar Jónsson (1874 – 1954) en Sigurjón Ólafsson (1908 -1982) á hér einnig verk. Nöfn erlendra listamanna koma í nokkrum tilvikum einnig við sögu. Í riti sínu *Minningarmörk í Hólavallagarði* fjallar Björn Th. Björnsson listfræðingur nokkuð um lágmyndir úr eir í kirkjugarðinum. Um þann sið að fella mynd af hinum látna í legstein hans segir Björn:

Um langan aldur voru það ekki nema stórmenni sem heiðruð voru með því að setja upp mynd þeirra á legstaðinn. Ýmist voru það standmyndir, lágmyndir, höggvar í marmara, eða almyndir þeirra liggjandi á steinþró í kirkju, svo sem síður var til á miðöldum. Með upplýsingu og borgarahyggju 18. aldar komst sú látlause viðhöfn smám saman á, að hafa lágmynd úr eir, oftast kringlóttá, greypta í legstein yfir dánumenn samfélagsins. Þótt nýklassikin aðhylltist fremur marmara en eir og fremur táknelega mynd en náúralíska, óx venja þessi fremur en hitt. Sjálfsgagt hefur vaxandi efahyggja í trúarefnum átt sinn þátt í þessu, því með einberri mynd hins látna var engin afstaða tekin til eðlis dauða eða eftirlífs.



Lágmynd Jóns Sigurðssonar eftir Brynjulf Bergslien

Elstu lágmyndir í garðinum eru þær af Jóni Sigurðssyni forseta (1811 – 1879) á leiði R 418 og Hannesi Árnasyni dósent (1809-1879) á leiði P 315. Lágmynd Jóns er eftir norska myndhöggvarann Brynjulf Bergslien sem einnig gerði legstein hans en höfundur lágmynda Hannesar er óþekktur.

Einn er sá reitur í garðinum þar sem er að finna flestar eirlágmyndir á einum stað en það er Thorsteinsonreiturinn (V 316) í garðinum norðaustanverðum. Þar er að finna fimm legsteina og lágmynd á hverjum þeirra. Eru flestar eftir Ríkarð



Hannes Árnason. Ómerkt verk.

Jónsson en talið hefur verið mögulegt að lágmynd Árna landfógeta sé eftir Einar Jónsson. Aðrar eru ómerktar. Fjallar Björn Th. Björnsson nokkuð ítarlega um þennan reit í riti sínu. Myndirnar eru allar sporöskjulagaðar eins og algengt er í garðinum. Á þremur nyrstu steinum er um hreinar vangamyndir að ræða en á tveimur syðstu snúa persónurnar meir í átt að áhorfandanum.



Metúsalem Jóhannsson, Sigrún kona hans og tvö börn. Verk Ríkarðs Jónssonar.

Annar fjölskyldureitur þar sem finna má margar eirlágmyndir saman er reitur I 410. Þar hvíla í norðurhluta reitsins Metúsalem Jóhannsson kaupmaður (1874 – 1941), kona hans Sigrún Sörensdóttir (1871 – 1915) ásamt tveimur barna sinna sem létust ung að árum þeim Sören (1905 – 1925) og Friðu (1910 – 1928). Myndirnar eru allar merktar Ríkarði Jónssyni en án ártals. Þær eru ferhyrðar og greinilega gerðar eftir ljósmynd eftir daga hinna látnu því nöfn, fæðingar- og dánardagar eru greiptir í myndina. Ekki rekur höfund þessara lína minni til að hafa séð slíkt á öðrum lágmyndum í garðinum. Er reiturinn einkar fallegur og lágmyndirnar af þeim hjónum og börnum þeirra fanga strax athygli áhorfandans.



Gísli Johnsen. Verk Ríkarðs Jónssonar frá 1951.

Afar fátítt er að brjóstmyndir sé að finna á leiðum fólks héraendis hvort sem þær eru höggvar í grjót eða gerðar úr eir. Dæmi um það fyrrnefnda er mynd Jóns Sturlaugssonar hafnsögumans (1868 – 1938) í Stokkseyrarkirkjugarði. Er hún eftir Sigurjón Ólafsson og höggvin í granít. Á leiði Tryggva Gunnarssonar (1835 – 1917) bankastjóra, í Alþingisgarðinum, er brjóstmynd hans úr eir og í Hólavallagarði er að finna aðeins eina slíka, á leiði H 12-3. Þar er brjóstmynd Gísla Johnsens (1881 – 1965) kaupmanns eftir Ríkarð Jónsson og

ber ártalið 1951. Neðarlega við stallinn má greina nafn steyparans og sýnist standa *H Bergman Sire Perdue*. Sire Perdue eða *Cire Perdue* eins og algengara er má þýða sem *horfið vax* og er þetta ákveðin tækni við bronssteypu þar sem vaxið mótar upphaflega verkið en rennur eða „hverfur“ svo úr mótinu í steypuferlinu. Til sín hvorrar hliðar við brjóstmynd Gísla eru leiði eiginkvænna hans. Nyrst er legsteinn Önnu Elisabetar Ólafsdóttur Johnsen (1898 – 1988) seinni konu hans en þar á er sporöskjulaga eirlágmynd merkt Ríkarði Jónssyni en án ártals. Sunnan við brjóstmyndina er legsteinn Önnu Ásdísar Johnsen (1878 – 1945) fyrri konu Gísla og á honum einnig sporöskjulaga lágmynd eftir Ríkarð og er hún ársett 1916. Á lágmyndinni má einnig greina nafn steyparans: *Herm. Bergman fvd.* Er hann augskýnilega sá sami og stepti brjóstmynd Gísla.



Anna Ásdís Johnsen. Verk Ríkarðs Jónssonar frá 1916.



Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Verk Ríkarðs Jónssonar frá 1919.



Sigfús Einarsson. Verk Sigurjóns Ólafssonar.



Jón Kristjánsson og Þórdís Toddá Benediktsdóttir. Verk Winfelds Schmidts frá 1921.

Á svæðinu við klukknaportið er að finna nokkurn fjölda eirlágmynda. Þegar hefur verið minnst á lágmyndir Jóns forseta og Hannesar dósents en fáeinum metrum norðan við portið er leiði Sveinbjörns Sveinbjörnssonar tónskálds (1847 – 1927) og Eleanor Christie Sveinbjörnsson (1870 – 1969) konu hans. Lágmynd Sveinbjörns er eftir Ríkarð Jónsson og ársett 1919. Hún er ekki á skildi eins og algengast er heldur birtist hér heil vangamynd sem horfir til vinstri frá áhorfandanum séð. Sveinbjörn tónskáld var sonur Þórðar Sveinbjörnssonar háyfirdómara og seinni konu hans Kirstine Cathrine Sveinbjörnsson, fædd Knudsen. Fyrri kona Þórðar háyfirdómara var Guðrún Oddsdóttir sú sem fyrst einstaklinga hlaut legstað í Hólavallagarði þann 23. nóvember 1838.

Nokkru vestar hvílir annað tónskáld, Sigfús Einarsson (1877 – 1939). Á leiði hans stuðlabergsdrangur og á honum ferhyrnd eirlágmynd stept eftir frumgerð Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara. Í bakgrunni má sjá orgelpípur en mynd Sigfúsar er þar fyrir framan á ferhyrnum fleti. Fer vel á þessari táknmynd tónlistarinnar í verkinu.

Ekki er það alltaf svo að einungis ein persóna sé á hverri eirmynd. Á nokkrum stöðum í garðinum er að finna lágmyndir á hringlaga skildi með mynd hjóna. Má þar nefna lágmynd Bjarna Jónssonar (1863 – 1926) alþingismanns og skálds frá Vogu og Guðlaugar Magnúsdóttur (1887 – 1971) konu hans á reit C1A-12 eftir Ríkarð



Bjarni Jónsson frá Vogu og Guðlaug Magnúsdóttir. Verk Ríkarðs Jónssonar.

– 11 og er það verk eftir Einar Jónsson.

Hér hefur verið tæpt á fáeinum eirmyndum sem finna má í Hólavallagarði. Ljóst er að nánari úttekt þyrfti að gera á öllum eirmyndum garðsins og kafa ögn dýpra í hvert verk en sú umfjöllun bíður enn um sinn. Af þessu stutta yfirliti sést að elstu lágmyndirnar eru eftir erlenda menn en við taka svo íslenskir listamenn að loknu listnámi sínu.



Anna E. Johnsen. Verk Ríkarðs Jónssonar.

Jónsson sem og hringlaga lágmynd hjónanna Jóns Kristjánssonar prófessors (1885 – 1918) og Þórdísar Toddú Benediktsdóttir (1889 – 1918) á leiði K 207 en sú mynd er eftir erlendan listamann, Windfeld Schmidt og merkt ártalinu 1921. Á stærstu myndinni hér á opnunni sést hringlaga lágmynd hjónanna Magnúsar Helgasonar (1857 – 1940) prests og skólastjóra og Steinunnar Skúladóttur (1855 – 1929) á reit H 6



Magnús Helgason og Steinunn Skúladóttir. Verk Einar Jónssonar.

Afkastamestur við gerð mannamynda sem sjá má í Hólavallagarði er Ríkarður Jónsson en þar á eftir kemur Einar Jónsson enda mun hann hafa fengist mun síður við gerð mannamynda. Þá á Sigurjón Ólafsson hér sín verk sem og ýmsir erlendir listamenn á fyrri helmingi 20. aldar. Vert er því að gera sér ferð í Hólavallagarð á góðum degi og upplifa þetta stóra og fjölbreytta mannamyndasafn.

Höfundur er verkefnisstjóri kirkjuminja hjá Fornleifavernd ríkisins.

Ljósmyndir: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.

Heimildir:

Björn Th. Björnsson: Minningarmörk í Hólavallagarði, Ljósmyndun: Pjetur Þ. Maack, Mál og menning, Reykjavík 1988, bls. 146.

Sama heimild, bls. 149.

Sama heimild, bls. 152.

Þjónustubyggingar við Gufuneskirkjugarð

Laugardaginn 4. mars sl. var fyrsta skóflustunga tekin að þjónustubyggingum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem reistar verða á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð. Um 60 manns voru viðstaddir athöfnina og ávarpaði biskup Íslands, Hr. Karl Sigurbjörnsson, viðstadda og fór með bænarað, en Alfreð Þorsteinsson, formaður borgarráðs, tók fyrstu skóflustunguna.

Haustið 2004 efndu KGRP til samkeppni um hönnun þjónustubygginganna og bárust 18 tillögur í samkeppnina. Arkibúllan arkitektar urðu í fyrsta sæti og hafa þeir frá úrslitum unnið að útfærslu verðlaunatilögunnar.

Ástæða þess að KGRP hefja byggingaframkvæmdir við Gufuneskirkjugarð er brýn þörf fyrir aukið húsnæði til að hægt sé að veita aðstandendum góða þjónustu og starfsfólki, prestum og útfararstjórum fullnægjandi starfsaðstöðu. Auk þess er gert ráð fyrir því að dánartíðni muni aukast það mikið á næstu áratugum að óbreyttur húsakostur myndi hamla KGRP mjög við að sinna hlutverki sínu.

Gufuneskirkjugarður var vígður árið 1980 og þá voru nokkur lítil timburhús reist til að sinna húsnæðisþörf kirkjugarðsins til bráðabirgða. Þau fullnægðu e.t.v. þörfum garðsins í upphafi en gera það ekki í dag. Auk þess að þjóna Gufuneskirkjugarði munu nýju byggingarnar þjóna nýjum 22ja hektara kirkjugarði sem gerður verður vestan við Úlfarsfell og



Frá fyrstu skóflustungunni þann 4. mars sl.

verður tekinn í notkun um eða eftir 2015.

Þær byggingar, sem horft er til að rísi í Gufuneskirkjugarði eru: Starfsmannahús sem tilbúið verður í maí 2007, líkhús og bænhus sem byggð verða á árunum 2008-2011, tvær misstórar grafarkapellur sem byggðar verða, ef þurfa þykir, á árunum

2012 til 2015, bálstofa og aðstaða fyrir erfisdrykkju yrðu byggð á árabílinu 2015-2020 ef aðstæður á þjónustuvæðinu kalla á slíkt þegar þar að kemur.



Teikning af þjónustubyggingunum fullgerðum / Arkibúllan.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fylgihluta - ljósker, englar, kerti, blómavasar, styttur og margt fleira.

Uppsetning, grafskrift og viðhaldsþjónusta.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48

200 Kópavogur

sími 557 6677

www.shelgason.is

Nýr kirkjugarður í hjarta höfuðborgarsvæðisins

Í vor verður nýr kirkjugarður í Leirdal í Kópavogi vígður. Undirbúningur að gerð garðsins hefur staðið yfir í langan tíma og m.a. þurfti að aka gríðarlegu magni af efni í Leirdalinn til uppfyllingar og hófst sú vinna við upphaf tíunda áratugarins. Undanfarnin ár hefur garðurinn verið í mótun og nú er svo komið að hægt er að taka hluta hans í notkun í vor. Heildarstærð garðsins er 13,5 hektarar og þar rúmast um það bil 12.000 grafarstæði, auk duftgarðs.

Einnig mun kirkja Lindasóknar verða byggð á svæðinu, við hlið kirkjugarðsins, og munu framkvæmdir við kirkjubygginguna hefjast á næsta ári og áætlað er að kirkjan verði tekin í notkun haustið 2008. Arkitektastofan ASK varð hlutskörpust í samkeppni um teikningar af kirkjubyggingunni og má skoða sýnishorn af tillögu þeirra á heimasíðu ASK, www.ask.is.


Gott aðgengi og mikið hagræði

Arnór Pálsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar í Kópavogi og formaður sóknarnefndar í Lindasókn, segir byggðapróunina á svæðinu hafa verið ótrúlega hraða. „Árið 1993 þegar stúpan var sett upp á Hádegishólunum man ég eftir því að hafa staðið þar í hryssingslegu veðri og horfi upp fyrir hólana þar sem ekkert var að sjá og ég hugsaði með mér að þarna yrði aldrei byggt, þetta var svo eyðilegt. Níu árum síðar var Lindasókn stofnuð, en hún nær yfir Kópavog austan Reykjanesbrautar og í dag eru um 7.500 manns í sókninni.“

Staðsetnings kirkjugarðsins er athyglisverð að því leyti að þetta er fyrsti kirkjugarðurinn sem er byggður inni í byggð, í hjarta höfuðborgarsvæðisins. Eldri garðar hafa í byrjun verið í útjaðri eða utan byggðar en svo færst inn í byggð með aukinni útþenslu borgarinnar. Um hönnun þessa garðs sá Einar E. Sæmundssen hjá Landmótun og segir hann aðkomu og aðgengi að garðinum verða mjög gott, auk þess sem gert er ráð fyrir fjölda bílastæða. Þeir Einar og Arnór eru sammála um að staðsetning garðsins og það að kirkja verði á sama stað muni verða til mikil hagræðis við útfarir. Áhersla var lögð á að gera garðinn þægilegan í umgengi, hann er tiltölulega einhalla og hægt er að aka um hann og leggja bílum í stæði víðsvegar um garðinn.


Unaðsreitur í miðri byggð

Svæðið verður fullfrágengið við opnun garðsins og farið er að rækta gróður í umgjörð hans. Hins vegar verða reitir garðsins teknir í notkun eftir þörfum og telja þeir félagar að notkun garðsins muni fara hægt af stað, en aukast jafnt og þétt. „Margir eiga frátekið í eldri gördum á höfuðborgarsvæðinu og



Teikning af nýja Kópavogskirkjugarðinum / Landmótun.

Íslendingar eru fastheldnir þegar kemur að þessum málum. En ég held að þegar fram líða stundir þá muni nýtingin aukast og þar sem þetta svæði var áður útivistarsvæði, bæði Kópavogsbúa og þeirra sem búa í Seljahverfinu í Reykjavík, hefur það tilfinningalega tengingu fyrir það fólk,“ segir Einar. Arnór tekur undir orð Einars og bendir á að þessi kirkjugarður sé mest miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og að tugir þúsunda búi í nágrenni garðsins. „Ef maður hugsar út í „praktísku“ hliðina, þ.e.



Svona mun Lindakirkja líta út samkvæmt vinningstillögu ASK arkitekta.

nálægð kirkjunnar við garðinn þá er það mikið hagræði. Ekki þarf að aka langar leiðir frá útför í kirkju að kirkjugarði. Þetta svæði er líka mjög fallett og eftir nokkur ár verður þetta orðinn unaðsreitur því gróðurinn tekur vel við sér hérna.“ Garðurinn tengist auk þess útivistarsvæði í nágrenninu, s.s. golfvelli og reiðstígum, auk þess sem stutt er í skóla og íþróttasvæði.

Kirkjugarður fyrir höfuðborgarsvæðið

Sveitarfélögin sem standa að garðinum eru Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavogur, en þau mynda Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra og vestra. Sveitarfélögin eru skyldug til að útvega land undir kirkjugarða og gera garðana grafartæka. Þessi garður er því ætlaður höfuðborgarsvæðinu, en ekki Kópavogs-

búum eingöngu þó gera megi ráð fyrir því að hann verði nefndur Kópavogskirkjugarður.

Að sögn Þórsteins Ragnarssonar forstjóra KGRP verður nýja garðinum þjónað frá Fossvogskirkjugarði fyrstu árin, varðandi grafartökur og garðyrkju. Að sumrinu til mun þó verða vinnuflokkur á staðnum sem sér um umhirðu garðsins. Ætlunin er að byggja þjónustuhús á svæðinu innan fárra ára, en þangað til á garðurinn afdrep í húsi Lindasóknar sem stendur þar nú. Þórsteinn segir erfitt að áætla hversu margir verði grafnir í garðinum næstu árin, en ætla megi að Kópavogsbúar muni gjarnan vilja verða grafnir þar og nú þegar hefur verið óskað eftir reitum fyrir duftker sem biða greftrunar.



Lindakirkja séð að framanverðu. Teikn.: ASK

Heimildamyndir um kirkjugarða

Á síðasta ári stóðu Kirkjugarðar Reykjavíkúrprófastdæma fyrir gerð tveggja kvikmynda um kirkjugarða. Gerð var mynd um Hólavallagarð, gamla kirkjugarðinn við Suðurgötu, og um Kirkjugarða Reykjavíkúrprófastdæma í heild sinni. Um kvikmyndagerðina sá kvikmyndafyrirtæki Páls Steingrímssonar, Kvik, en framleiðendur myndanna

woru KGRP. Myndirnar voru svo sýndar á norrænni ráðstefnu kirkjugarða sem fram fór hér á landi sl. sumar og vöktu þar athygli. Myndirnar verða einnig notaðar sem almennt kynningarefni og hugsanlega til birtingar í sjónvarpi.

Færeyingar sóttir heim

Í ágúst síðastliðnum hélt stjórn Kirkjugarðaráðs, ásamt Biskupi Íslands og fleirum til Færeyja til kynningar á starfsemi íslensku kirkjunnar og kirkjugarða hér á landi og til að kynna sambærilegri starfsemi hjá frændum okkar í Færeyjum. Um skipulagningu ferðarinnar sá Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður Kirkjugarðaráðs, en alls tóku tólf manns þátt í ferðinni.

Heimboð frá Færeyingum

Forsaga ferðarinnar er sú að María Húsgarð, lögfræðingur í færeyska menntamálaráðuneytinu kom hingað til lands í námsheimsókn og sat m.a. aðalfund Kirkjugarðaráðs á Íslandi. Í kjölfarið kviknaði hugmyndin að ferðinni og ákvað stjórn kirkjugarðaráðs því að halda í viking til Færeyja og halda þar stjórnarfund. Auk þess var ákveðið að funda með færeyskum félögum og kynna þeim starfsemi kirkjugarða á Íslandi og um leið kynna þeirra viðhorfum og vinnuáferðum.

Gestrisnir og skemmtilegir

Ferðin stóð yfir í þrjá daga og var hin fróðlegasta að sögn Valtýs Valtýssonar, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í Kirkjugarðaráði, sem tók þátt í ferðinni. „Þetta var afskaplega skemmtileg ferð og vel til fundið að heimsækja nágretta okkar í Færeyjum,“ segir Valtýr. „Við höldum fundi og fórum í skoðunarferðir, m.a. í Kirkjubæ þar sem hin stórkostlega Kirkjubæjarkirkja stendur og fræddumst um staðinn og sögu hans. Það var virkilega gaman að sjá þessi merkilegu mannvirki, eins og kirkjuna í Kirkjubæ og fleiri kirkjur sem við skoðuðum, t.d. gamla og gullfallega stafkirkju. En skemmtilegast var þó að kynna Færeyingum sem eru með eindæmum gestrisnir og brosmildir og tóku frábærlega vel á móti okkur.“ Undir þetta tekur Ragnhildur, formaður Kirkjugarðaráðs, og segir hún ferðina hafa verið afskaplega ánægjulega. „María Húsgarð tók að sér að vera fararstjóri okkar og hún var einfaldlega frábær. Svo var gaman að kynna Færeyingum og menningu þeirra og arkitektúr. Það vakti athygli mín hvað allt fellur vel að landslaginu, fallegar hleðslur og torfbök setja mikinn svip á mannvirki þar. Ekki spillti heldur fyrir að við vorum mjög heppin með veður sem gerði ferðina enn betri fyrir vikið.“

Sveitarfélögin reka garðana

Að sögn Valtýs eru þeir kirkjugarðar sem heimsóttir voru í Færeyjum ekki ósvipaðir íslenskum gördum að gerð, en þó er minna um aðstöðuhús og annað slíkt í færeysku gördunum. Megin munurinn á rekstri garðanna er sá að í Færeyjum sjá sveitarfélögin alfarið um reksturinn, en svo er ekki hér á landi. Hann segir Færeyinga hafa verið mjög fróðleiksfúsa og Íslendingar hafi kynnt þeim ýmsar nýjungar svo sem gagnagrunninn www.gardur.is á netinu þar sem skráðir eru legstaðir Íslendinga og upplýsingar um þá er hvíla í kirkjugörðum á Íslandi. Valtýr sagði að lokum að ekki væri ólíklegt að um frekara samstarf yrði á ræða á milli landanna, enda hefði vel tekist til í þessari ferð.



Kirkjan í Þórshöfn er sannarlega glæsilegt mannvirki.



Kirkjugarðurinn í Kirkjubæ. Ljósmyndir: Smári Sigurðsson

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð og
Fossvogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá
kl. 9 - 16 í síma 585 2703



gardur.is

Látið minninguna lifa um ókomna tíð á gardur.is!
Upplýsingar í síma 585 2700 eða hjá útfararstjórum.

Úr myndasafninu



Minningarreitur í Kirkjugarði Akureyrar.



Jólabljós í Kirkjugarði Akureyrar.



Kirkjan í Lögmannshlíð

Kirkja hefur staðið þar um langt árabil, sennilega allt frá því skömmu fyrir kristnitöku.

Núverandi kirkja var byggð um 1860.

Talið er að kirkjugarður hafi verið við kirkjuna alla tíð.

Árið 1980 var rekstur kirkjugarðs Lögmannshlíðarsóknar og kirkjugarður Akureyrarsóknar sameinaður undir heitinu Kirkjugarðar Akureyrar.



Líkflutningabifreið Tryggva Árnasonar (RE-989 Buick 1932).



Séð yfir Hólavallgarð frá turni Landakotskirkju. Mynd Ó.L.M.

Skildir
Krossar
Legsteinar



Kopar sem endist
um aldir
án viðhalds



Málmsteypan **HELLA**

Kaplahrauni 5 Hafnarfirði
Sími: 5651022
hella@hella.is www.hella.is

Skilti og smekklegar merkingar



Viðhaldsfritt
skiltakerfi fyrir
fjölbýlishús

Breytingar prentaðar
á venjulegan prentaral



BJÓÐUM EINNIG:

- Gluggmerkingar
- Hönnun & ráðgjöf
- Bílamerkingar
- Límmiða (sólekta)
- Sandblástursfilmur

MERKISMENN ☎ 544
2030

Ármúla 36 • merkismenn@merkismenn.is

JCB Traktorsgröfur

Stórar



Markaðsleiðandi á Íslandi

Mini



Eitt vörumerki, 220 gerðir.

Vélar til allra verka!



Krókháls 16 ♦ 110 Reykjavík ♦ Sími 5882600 ♦ www.velaver.is

Schäffer



Schäffer liðléttingurinn er lipur en öflug vél sem hefur reynst ákaflega vel við íslenskar aðstæður



JÖTUNN • VÉLAR ehf.

VALTRA

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

LEGSTEINAR sendum myndalista



MOSAİK

Hamarshöfði 4 - sími: 587 1960

www.mosaik.is



ÚTFARARÞJÓNUSTA KIRKJUGARÐA AKUREYRAR

Höfði, v/ Þórunnarstræti · 600 Akureyri
Sími 461 4060 · Fax 461 4061

Þjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Álettrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum





Hvers vegna var Höddi ekki settur í markið?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Ef gleraugun þín brotna í hita leiksins er gott að vera vel tryggður. Innbúskaskó TM bætir tjón á hlutum sem ekki fást bættir með Fjölskyldutryggingu. Vertu við öllu búinn og bættu Innbúskaskóinu við Fjölskyldutryggingu TM. Það tekur enga stund að ganga frá því.

Dæmi um hvað Innbúskaskó TM bætir:

- // Tjón á verðmætum sem teljast hluti af almennu innbúi fólks, s.s. fartölvu, myndavél, gleraugum og öðrum dýrum munum, færðu bætt. Hámarksupphæð tjóns er 250.000 kr.
- // Tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atburða er bætt, s.s. ef hlutur á heimilinu fellur í gólf eða það hellist yfir hann.

Dæmi um hvað Innbúskaskó TM bætir ekki:

- // Ef þú týnir, gleymir eða skilur verðmæti eftir á almannafæri færðu þau ekki bætt.
- // Ef tjónið er af völdum eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds eða framleiðslugalla fæst það ekki bætt.
- // Tjón sem verður af völdum þjófnaðar úr ólæstum hífýlum, bílum, tjöldum eða fellihýsum fæst ekki bætt.

Innbúskaskó TM

TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

